

Skipulagsstjóri Sveitarfélagsins Hornafjarðar  
Hafnarbraut 27  
780 Höfn í Hornafirði

Hornafirði 12. mars 2020  
nr. erindis 1904057

### **Málefni: Ósk um umsögn vegna deiliskipulags við Reynivelli**

Ósk barst til Náttúrustofu Suðausturlands í lok janúar 2020 um að gera umsögn vegna deiliskipulagstillögu við Reynivelli II. Þar er ætlunin að bæta ferðþjónustu á svæðinu og byggja m.a. hótél.

Efnislega höfum við örfáar ábendingar um lýsingu á tillögunni:

Í kafla um byggingar og lóð er sagt að akstursvæði skulu lögð bundnu slitlagi, malbiki eða hellustein. Þar viljum við benda á að skoða mætti umhverfisvænni lausnir en það, t.d. blá/grænar lausnir eða ecoraster. Það myndi láta aksturssvæðið falla betur inn í umhverfið.

Í kafla í fráveitu viljum við benda á að taka þarf tillit til landris og landhalla en á þessu svæði hefur það mælst 25 mm/ári.

Varnargarðar eru ofan við þjóðveginn til þess að halda Fellsá í skefjum, sérstaklega vegna vatnavaxta, og beina ánni undir brúna. Við viljum þó að lokum segja frá því að hlaup fór yfir Fellsáraura á 19. öld, þegar Fellsárjökull var í hámarksstöðu á sögulegum tíma. Þó að jöklar hafi heldur látið undan síðustu áratugi þarf samt að hafa í huga að slíkir atburðir gætu endurtekið sig. Um þetta jökulhlaup er sagt frá í nýlegri grein í Jökli 69<sup>1</sup>.

Skoða þarf textann vel út frá íslensku máli, en þó nokkrar villur eru í honum bæði í málfari og stafsetningu.

Höfn í Hornafirði 12. mars 2019  
Kristín Hermannsdóttir og Snævarr Guðmundsson  
Náttúrustofu Suðausturlands



---

<sup>1</sup> Snævarr Guðmundsson, Helgi Björnsson, Finnur Pálsson, Eyjólfur Magnússon, Þorsteinn Sæmundsson and Tómas Jóhannesson. Terminus lakes on the south side of Vatnajökull ice cap, SE-Iceland. *Jökull* 69, 1-34.